

# ***Stefnuskrá Hundaræktarfélags Íslands***

*samþykkt af stjórn 30. apríl 2014*

## Stefnumörkun HRFÍ

Stefnumótunardagur HRFÍ var haldinn 2. apríl 2011 þar sem nærri 90 félagsmenn áttu góðan dag saman í veitingasal reiðhallarinnar í Víðidal. Deildir félagsins voru beðnar um að senda þrjá fulltrúa og var félagsmönnum skipt í hópa sem unnu saman að ýmsum málefnum sem varða uppbyggingu félagsins okkar. Í umfjöllun um hvert málefni voru hópar beðnir um að leita tækifæra, styrks, veikleika og ógna. Málefni voru eftirfarandi:

- Hvernig má virkja félagsmenn HRFÍ ?
- Hvernig má gera félagið sýnilegra í þjóðfélaginu ?
- Hvernig má bæta hundamenninguna ?
- Námskeið og fræðsla
- Starf deilda félagsins
- Heilsufar

Alls voru 445 hugmyndir settar á blað og skiptust þær sem hér segir:

Hvernig má...?	Tækifæri	Styrkur	Veikleikar	Ógnir	Samtals
1) virkja félagsmenn HRFÍ	36	21	27	7	91
2) gera félagið sýnilegra í þjóðfélaginu	39	21	14	2	76
3) bæta hundamenninguna	45	17	20	6	88
4) námskeið og fræðsla	44	6	19	6	75
5) bæta starfsemi deilda	43	11	10	4	68
6) heilsufar	26	8	9	4	47
Samtals	233	84	99	29	445

Úrvinnsla á þessari vinnu félagsmanna dróst á langinn og tæpum þremur árum eftir stefnumótunarfundinn var boðað til annars stefnumótunardags HRFÍ laugardaginn 15. febrúar 2014 kl. 10-15 í Síðumúla 15. Allar deildir voru beðnar um að senda 1 til 2 fulltrúa og mættu 27 manns. Tilgangurinn var að þátttakendur greiddu atkvæði um allar hugmyndir sem komið höfðu á blað á stefnumótunardeginum fyrri þannig að með samarlögðum atkvæðum fengist mælikvarði á mikilvægi hugmynda fyrir starfsemi félagsins og forgangsröðun að mati félagsmanna HRFÍ.

Einkunnagjöf var 0, 1, 2, 3 og 4, þar sem 0 var minnst vægi, 2 hlutlaust og 4 mikilvægast. Þar sem skilað var auðu var einkunnin 2 sett inn (hlutleysi). Alls greiddu 27 manns atkvæði um allar hugmyndirnar.

Á fundinum var valinn 8 manna hópur til að halda úrvinnslu áfram og gera stutta skýrslu um niðurstöðurnar og í kjölfarið að gera drög að stefnuskrá félagsins. Hið nýja 8 manna stefnumótunarteymi stofnaði lokaða fésbókarsíðu fyrir hópinn þar sem umræður, dreifing gagna og fundarboð náðu til allra. Hópurinn hittist fyrst þann 18. mars 2014 á Café Milano og síðan vikulega í húsakynnum HRFÍ til 15. apríl að drög stefnuskrár voru tilbúin.

Hópurinn ákvað í ljósi þess hversu langt er liðið frá því að hugarflugsfundurinn var haldinn, að einbeita sér aðeins að 10 hugmyndum úr hverjum flokkanna sex, sem voru efstar á forgangslista að mati félagsmanna. Þær 60 hugmyndir sem fjallað var um sköruðust nokkuð innbyrðis og tengdust á margan hátt. Þær voru umorðaðar og sameinaðar í 17 greinar. Röð þeirra er tilviljun og gefur ekki til kynna mikilvægi.

Um leið og við leggjum fyrir stjórn HRFÍ þessa tillögu okkar að stefnuskrá félagsins viljum við árétta að stefnumótun tekur aldrei enda. Mikilvægt er að halda reglulega stefnumótunarfundi með víðtækri þátttöku félagsmanna þar sem fram fer hugmyndavinna sem endurspeglar tíðarandann hverju sinni.

### **Kynningarmál**

Félagsmenn eru ánægðir með framkvæmd sýninga, heiðrun hjálparhunda, afrekshunda og Laugavegsgöngu. Sérstaklega er gott þegar hundahald er tengt jákvæðum samfélagslegum verkefnum eins og rauðakross-, fíkniefna-, björgunar-, blindra- og þjónustuhundum. Þetta er mikilvægt til að auka jákvæða umfjöllun um hundahald. Mikilvægt er að HRFÍ móti viðbragðsáætlun um hvernig skuli mæta neikvæðri umfjöllun um hunda.

Mikilvægt er að bjóða ræktendum uppá vandað kynningarefni um félagið til að miðla til hvorpakaupenda. Jafnframt mætti bjóða ræktendum á afsláttarkjörum eins árs félagsaðild fyrir hvorpakaupendur sem ekki eru félagar í HRFÍ (kynningaraðild). Þannig væru nýir hvorpakaupendur sjálfkrafa skráðir í félagið.

Vænlegt væri að halda fleiri „opna daga“, rétt eins og gert var í Víðidalnum í tengslum við afmælissýninguna, þar sem fjölbreytt starfsemi deilda og tegundir eru kynntar. Jafnframt gæti það verið kostur fyrir HRFÍ að auka sýnileika félagsins á hundadögum í Garðheimum, m.a. með kynningu á félaginu sjálfu.

Mikilvægt er að bæta vitund um hunda og hundahald. Þannig væri hægt að bjóða í auknum mæli, og helst árlega, upp á heimsóknir í yngri bekkir grunnskóla og á barnaheimili eða dreifa kynningarefni t.d. um hvernig eigi að umgangast hunda.

HRFÍ vinni að auknu umburðarlyndi og viðurkenningu á mikilvægi hundsins, styrki jákvæða umfjöllun um hunda og hundamenningu með miðlun efnis til félagsmanna og viðburðum sem vekja athygli almennings s.s. taumgöngum og hreinsun. HRFÍ á að gera allt í sínu valdi til þess að draga úr neikvæðri umfjöllun um hundahald og hvetja félagsmenn til að sýna gott fordæmi. Skrifna mætti stuttar fréttatilkynningar í blöð og birta á heimasíðu þar sem félagsmenn eru minntir á að huga að hundum sínum í grennd við fuglavörp eða í grennd við lambfé og hirða upp eftir hundana – umgengni lýsir innri manni. Eins væri í samvinnu við styrktaraðila hægt að birta smáauglýsingar um sama efni eða minna á að loka ekki hunda inni í bílum í sólskini og hitum, svo dæmi séu nefnd.

HRFÍ á að vera leiðbeinandi gagnvart sveitarfélögum og öðrum varðandi reglur um hundahald, hundasamþykktir og alla aðstöðu fyrir hundaeigendur. HRFÍ á að gæta að því að hundaleyfisgjöld séu ekki tekjulind fyrir sveitarfélög, heldur fái hundaeigendur nauðsynlega aðstöðu og þjónustu.

### **Fræðslumál**

HRFÍ á að standa að útgáfu fræðsluefnis fyrir hvorpaeigendur, almenning, börn og unglunga um ýmis atriði s.s. feldhirðu, næringu, þjálfun, umhverfisþjálfun og hvernig eigi að umgangast hunda, sem gæti verið prentað og á vefsíðu. Víkka mætti starfsvið ritnefndar Sáms til að ná utan um þýðingu og útgáfu kynningarefnis og gæti ritnefndin heitið Útgáfunefnd HRFÍ.

Mikilvægt er að HRFÍ sinni vel því hlutverki að auka fræðslu og þekkingu félagsmanna. Stofna mætti Fræðslunefnd HRFÍ sem setur upp áætlun um tvo til þrjú viðburði á ári á vegum félagsins og sér um að hrinda þeim í framkvæmd. Dæmi um ákjósanleg námskeið eru um skyndihjálp, sjúkdóma, nudd, hnéskefjalos, arfgenga sjúkdóma, blóðlínur, öldunga, tannheilsu, ofnæmi, heilbrigði, skapgerð, vinnuþjálfun, umhverfisþjálfun og fleira. Fá í meira mæli innlenda og erlenda sérfræðinga s.s. dýralækna og erfðafræðinga til miðlunar

upplýsinga, t.d. um arfgenga sjúkdóma og af hverju augnskoðanir og mjaðmamyndataka eru mikilvæg. HRFÍ hvetji til og styðji við rannsóknir á hundum.

HRFÍ á að búa til miðlægan lista á heimasíðu félagsins með yfirliti yfir erindi og námskeið sem í boði eru á vegum félagsins og deilda („Á döfinni“).

### **Ræktun og heilsa**

Grundvöllur ábyrgs ræktunarstarfs eru upplýsingar um ræktunardýr, forfeður þeirra, systkini og afkvæmi. HRFÍ á að opna gagnagrunn á netinu þar sem allar upplýsingar um heilsufar, útlit, vinnuárangur og skapgerð eru aðgengilegar. Það er allra hagur að tiltækar upplýsingar séu uppi á borðinu.

Sérstaklega skal horfa til fræðslu fyrir ræktendur með öflugum ræktunarnámskeiðum og hafa í huga að sum námskeiðin þurfa að fara fram á íslensku.

HRFÍ á að vinna markvisst að því að stytta einangrun, sem er mikilvægt fyrir almenna líðan hundsins, og vinna að því að dregið verði úr öllum kostnaði við innflutning nýrra ræktunardýra svo auka megi erfðafræðilegan breytileika í litlum stofnum.

Mikilvægt er að halda kostnaði við heilsufarsskoðanir í lágmarki, til að fjölga þeim sem nýta sér þær.

### **Deildirnar**

Ræktunardeildir gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki í starfsemi HRFÍ og því mikilvægt að HRFÍ styðji vel við bakið á starfsemi deildanna. Mikilvægt er að samræma upplýsingar til stjórnarmanna í deildum og tryggja að deildir séu meðvitaðar um félagslegt- og ræktunarhlutverk sitt.

Deildirnar gegna mikilvægu hlutverki við að miðla upplýsingum um tegundir, halda mikilvægum vefsíðum lifandi (t.d. með upplýsingum um heilsufar) og gæta að sýningarhaldi þar sem sérfræðingar í tegundinni dæma. Hjá deildunum er sérþekkingin á tegundunum.

Deildirnar eiga að auka samheldni meðal félagsmanna t.d. með göngum og uppákomum.

Huga þarf að lágmarksstærð deilda og sameiningu eftir þörfum. Mjög litlar deildir eru oftast óhentugar starfseiningar þar sem öll vinna lendir á fárra höndum sem eiga til að kulna í starfi og starfsemi leggst af.

Reykjavík 23. apríl 2014.

Arnheiður Runólfsdóttir, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðrún Margrét Baldursdóttir,  
Magnús Orri Schram, Margrét Guðrún Bergsveinsdóttir, María Hjaltadóttir, Vordís  
Sigurþórsdóttir og Þórdís Björg.